

Eru vísindin hóra stjórnmalanna? Menntun til þjóðarmorðs

Nýlega lýsti Guðlaugur Þ. umhverfismálaráðherra því yfir, að íslensk umhverfisstefna ætti að taka mið af vísindunum. Það gera yfirvöld á Ítalíu líka. En þau fengu á þeim merka degi, 17. júní árið 2019, bréf frá hartnær fimmtíu vísindamönnum, þar sem þeim var boðið að ræða raunveruleg vísindi um umhverfi. Í bréfinu er þeim m.a. góðfúslega bent á, að koltvísýringur sé ekki mengunarvaldur, heldur lífsgjafi á borð við vatn.

Þeim er sömuleiðis bent á, að engar sönnur hafi verið færðar á hlýnun jarðar og aukin heldur séu fullyrðingar um hlýnun af manna völdum orðum auknar. Yfirvöld eru einnig minnt á, að gildi vísindalegrar aðferðar felist í staðreyndum, en ekki fjölda jámanna við getgátum.

Nefndir vísindamenn álykta, að með tilliti til mikilvægis jarðefnaeldsneytis fyrir mannkynið, sé óráð að fylgja gagnrýnislaust þeirri stefnu að stemma stigu við losun koltvísýrings. Það sé talsýn að ætla sér að stjórna loftslaginu. Vonandi senda ofangreindir Guðlaugi líka bréf, enda þótt lítil von sé til, að vísindalegar staðreyndir verði til þess að breyta trúarbrögðum ríkisstjórnar Íslands.

Fyrir skemmstu fengu ítölsku vísindamennirnir stuðning frá alþjóðasamfélagi vísindamanna, þ.e. 235 vísindamönnum, sem gáfu út svonefnda „Yfirlýsingu“ um loftslagið í veröldinni (World Climate Declaration).

Í þessu ljósi er skiljanlegt, að þýski prófessorinn, Knut Löscke, kalli vísindin „hóru stjórnmalamannanna.“

Knut talar tæpitungulaust um tíðarandann: „Ég er langþreyttur á því, að misnotaðir unglingar skuli lesa mér pistilinn um það, sem ég ætti að skammast mín fyrir. ... Mér verður óglatt af því, hvernig minnihlutahópar á sviði trúar og kynferðis misnota blygðunarlaust gjörþekkt réttindi sín með þrálátum stuðningi fjölmiðla [og] vilja stjórna því, hvernig ég tjái mig.“

Breski læknirinn, Vernon Coleman, tekur í sama streng um bólusetningarrétttrúnaðinn. „Læknavísindunum hefur verið rænt af hagsmunavörðum stjórnmalanna. Andófsmenn, sem leyfa sér að efast um nýjan rétttrúnað hópsefjunarþráhyggjumanna, eru sekir fundnir um hugsanaglæpi. Dómurinn kveður á um níð og kúgun. Ófrumleiki hóphugsunarinnar undirokar og kæfir. Bólusetningar eru einungis eitt þeirra sviða í læknisfræði, sem ekki má ræða.“

Kanadíska mannfræðingurinn, Philip Carl Salzman, skrifar grein með fyrirsögninni: „Menntun til þjóðarmorðs“ (National Suicide by Education). Þar lýsir hann því, hvernig hugmyndafræði kvenfrelsunar og annarrar fórnarlambshugsunar (wokeness) hefur komið í stað vísindalegra staðreynda og þekkingarleitar í skólum ríkisins.

Philip Carl segir m.a.: „Við kennum börnum okkar, að um sé að ræða tvo samfélagshópa, bjargarlaus fórnarlömb og grimma kúgara. Blakkskinnar, frumbyggjar, litað fólk og konur, eru hvert og eitt kúgað hvarvetna. Aftur á móti séu bleikskinnar og karlar, kristnir, Gyðingar og Asíubúar (eins undarlega og það hljómar) forréttindafólk, illir misyndismenn.“

Kennarar segja, að stærðfræðin sé kynþáttafordómur. Í raun séu svör stærðfræðinnar ógild. Það jafngildir kúgun að halda því fram, að $2+2$ séu 4 . Svipuð viðhorf eigi við um tungumálið. „Krafan um um rétt svör, rökfærslu og vísindalega sannreynd séu syndir „hvítileikans. Það ríði á að hafna þeim í samfélagi, þar sem félagslegt réttlæti ríki.“

Því er það, að aðgengi að námi ræðst af þeirri kúgun, sem þolandi verður fyrir, en ekki af verðleikum og námshæfni. „Þetta tryggir meðalmennsku eða fullkomna vanhæfni, sem smýgur inn í stofnanir okkar: í heilbrigðisþjónustu, fræðimennsku og kennslu, í tækni, blaðamennsku, á lagasviði og í opinberri stjórnun. Afleiðingin er hnignun og eyðilegging.“

Því er haldið að konum, að þær séu beittar kynmismunun í æðri menntun, enda þótt þær séu víðast hvar í meirihluta. Þær sækjast ekki eftir sumum námsgreinum. „Engu að síður glymur viðkvæðið stöðugt í eyrum þeirra, að þær séu fórnarlömb kynmismununar.“ Og karlnemendum er kennt um.

Eins og áður er ýjað að, eiga staðreyndir ekki upp á pallborðið: „Allt frá forskóla til æðri menntunar er lögð áhersla á það í kennslu að hafna líffræði, þeirri þekkingu, sem hún geymir um lífeðlislega þætti í mannlífinu. Kennt er, að eðliskyn skipti ekki máli í lífinu; það sem mestu máli skipti, sé kyntilfinningin. Börnum er kennt, að þau geti valið um hundruð kynja. Sumir kennarar temja börnin til að gerast stuðningsmenn eða bandamenn lesbía-homma-beggjakynja-kynskiptinga og hinsegin, og segja, að þau geti að vild gefið sig á vald þeim undirhópi, sem þeim þóknast.

Höfundur spyr: „Hvaða útsmognu öfl eru það, sem hrundu allri þessari menningareyðileggingu af stað. Hver sprautaði þessu tortímandi eitri inn í mentakerfi vort, sem verður sífellt brjálæðislegra?

<https://dailysceptic.org/2022/08/23/declaration-saying-there-is-no-climate-emergency-trends-on-twitter-greenies-have-meltdown/>

<https://expose-news.com/2022/09/03/reality-check-of-climate-feedbacks-fact-check/>

<https://dailysceptic.org/2022/08/04/massive-coral-growth-at-the-great-barrier-reef-continues-to-defy-all-the-fashionable-doomsday-climate-predictions/>

<https://dailysceptic.org/2022/06/24/climate-scientist-says-humans-cause-less-than-0-05c-of-global-warming-and-warns-of-anarchy-from-delusional-net-zero-policies/>

<https://dailysceptic.org/2022/08/30/bizarre-fact-check-of-world-climate-declaration-claims-no-natural-climate-change-for-almost-200-years/>

<https://clintel.org/wp-content/uploads/2022/06/WCD-version-06272215121.pdf>

<https://dailysceptic.org/2022/08/18/1200-scientists-and-professionals-declare-there-is-no-climate-emergency/>

<https://petizioneitalianasulclima.it/wp-content/uploads/2020/05/Petizione-Italiana-English.pdf>

https://www.theepochtimes.com/national-suicide-by-education_4734523.html

<https://www.vikendi.net/2021/10/22/science-is-made-the-whore-of-politics/>